

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir).

Flm.: Guðmundur Ingi Kristinsson, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson,
Inga Sæland, Jakob Frímagn Magnússon, Tómas A. Tómasson.

1. gr.

2. mgr. 47. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. 2. og 3. mgr. falla brott.

b. Orðin „og 2.“ í 4. mgr. falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 149., 150., 151., 152. og 153. löggjafarþingi (66. mál) og er nú lagt fram efnislega óbreytt en lagatívisunum í 1. og 2. gr. hefur verið breytt til samræmis við breytingar sem orðið hafa á lögum um almannatryggingar frá því að málið var lagt fram á 153. löggjafarþingi.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á tilteknum ákvæðum um upplýsingaskyldu í lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, nánar tiltekið ákvæðum sem heimila Tryggingastofnun ríkisins að afla upplýsinga um tekjur maka umsækjanda eða greiðsluþega samkvæmt lögum að fengnu skriflegu samþykki beggja og ákvæði er skyldar maka til að taka þátt í meðferð máls. Þá er lögð til sú breyting að umsækjandi eða greiðsluþegi verði ekki látinn bera hallann vegna skorts á nauðsynlegum upplýsingum sem rekja má til maka hans.

Það er mat flutningsmanna að gildandi ákvæði laganna um upplýsingaskyldu gangi of langt í skerðingu á friðhelgi einkalífs umsækjanda og greiðsluþega og rétti til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika, sbr. ákvæði 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Þá er sú meginregla ákveðin í a-lið 3. gr. sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks að virðing skuli borin fyrir eðlislægri reisn og sjálfræði einstaklinga, þ.m.t. frelsi til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði einstaklinga. Er það mat flutningsmanna að ákvæði gildandi laga um almannatryggingar séu íþyngjandi og leggi of ríkar kvaðir á einstakling, sem nýtur réttinda samkvæmt samningnum, um að afla upplýsinga hjá maka sínum og íþyngi einstaklingi sem bera þarf hallann af vanrækslu maka á því að sinna upplýsingaskyldu sinni. Lögin heimila þannig frestun á ákvörðun og greiðslu bóta vegna atriða sem ekki verða rakin til umsækjanda eða greiðsluþega sjálfs.

Með vísan til umsagna sem velferðarnefnd bárust við meðferð málsins á fyrri þingum skal þess getið að á grundvelli 51. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, getur Tryggingastofnun aflað upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að framfylgja lögunum, frá þeim aðilum sem getið er um í ákvæðinu án aðkomu maka umsækjenda.